Ed. **510. Frumvarp til laga** [267. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Lánstími má vera allt að 15 ár. Heimilt er að ákveða, að lán verði afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Vextir af lánum þessum verði 3% lægri en almennir útlánsvextir lánastofnana.

Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**Allt frá því, að lögin nr. 41/1963 tóku gildi hafa lánakjörin verið óbreytt: lánstími 25 ár og ársvextir 5%. Lánin hafa verið greidd með jöfnum árlegum afborgunum.**

Augljóst er, að þessi lánakjör hafa verið þau langhagstæðustu, sem um hefur verið að ræða undanfarin ár hérlendis.

En þau eru um leið orðin algerlega úrelt, ekki síst eftir hinar miklu vaxtahækkanir á sl. vori og með tilliti til verðlagsþróunar í landinu undanfarin ár, þar sem hér er um óverðtryggð lán að ræða.

Sú breyting á lánakjörum, sem lögð er til í 1. málsgrein 1. gr. þessa lagafrumvarps er fyrst og fremst fram borin til að stuðla að því að auka ráðstöfunarfé landakaupasjóðs og þar með að geta fullnægt betur þörfinni á slíkum lánum, sem fer sívaxandi.

Eins og kunnugt er hefur Lánasjóður sveitarfélaga haft með höndum afgreiðslu lána þessara undanfarin ár á vegum ráðuneytisins og má í því sambandi geta þess, að hin almennu lánakjör Lánasjóðs eru 10 ár og ársvextir 12½%.

Breyting sú á lánakjörum landakaupasjóðs, sem ráð er fyrir gert í 1. mgr. 1. gr. frumvarps þessa, hefur verið borin undir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og er hún henni samþykk.

Síðari málsgrein 1. gr. um skilyrði ríkisábyrgðar er hér tekin upp óbreytt eins og hún áður var í 4. gr. 1. l. nr. 41/1963.

Fylgiskjal I.

**Óafgreiddar lánaumsóknir vegna landakaupa**
**1. mars 1974.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Blönduóshreppur | kr. | 720.000 |
| 2. | Hrunamannahreppur | — | 1.800.000 |
| 3. | Eyrarsveit (Hellnafell) | — | 1.500.000 |
| 4. | Kópavogur | — | 30.000.000 |
| 5. | Eskifjarðarhreppur | — | 1.120.000 |
| 6. | Garðahreppur | — | 2.000.000 |
| 7. | Súðavíkurhreppur | — | 1.636.000 |
| 8. | Hvammshreppur (Vík) | — | 9.000.000 |
| 9. | Seltjarnarneshreppur | — | 7.000.000 |
| 10. | Fellahreppur (eignarnám) | — | ? |
| 11. | Rangárvallahreppur | — | 1.320.000 |
| 12. | Hólmavíkurhreppur | — | 1.950.000 |
| 13. | Siglufjaraðrkaupstaður | — | 696.000 |
| 14. | Grýtubakkahreppur | — | 2.400.000 |
| 15. | Hafnahreppur | — | 3.600.000 |
| 16. | Hveragerðishreppur | — | 3.900.000 |
| 17. | Ísafjarðarkaupstaður | — | 3.600.000 |

Fylgiskjal II.

**LANDAKAUPASJÓÐUR skv. l. nr. 41/1963.**

**Rekstrarreikningur 1973.**

| | | |
|---|---|---|
| TEKJUR: | | |
| Vextir | | 1.624.741.20 |
| GJÖLD: | | |
| Hagnaður | 1.624.741.20 | |
| | 1.624.741.20 | 1.624.741.20 |

## Efnahagsreikningur pr. 31. 12. 1973.

EIGNIR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 Innst. á hlr. 2533 í Seðlabanka | | 802.901.00 | |
| 2. Útist. skv. skuldabréfum | | 33.181.253.80 | |

SKULDIR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Lánasjóður sveitarfélaga | | | 4.000.00 |
| 2. Höfuðstóll: | | | |
| a) í ársbyrjun | 32.355.413.60 | | |
| b) hagnaður 1973 | 1.624.741.20 | | 33.980.154.80 |
| | | Kr. 33.984.154.80 | 33.984.154.80 |

Reykjavik, 7. janúar 1974.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

## Útgefin skuldabréf og eftirstöðvar þeirra pr. 31/12 1973.

| | Dags. skbr. | Upphafl. kr. | Eftirst. 31/12 '73 |
|---|---|---|---|
| 1. Grindavíkurhreppur | 24/2 '64 | 4 300 000.00 | 3 315 605.00 |
| 2. Reyðarfjarðarhreppur | 5/3 '65 | 177 600.00 | 142 061.00 |
| 3. Dalvíkurhreppur I | 23/4 '65 | 1 650 000.00 | 1 318 971.80 |
| 4. Stöðvarhreppur I | 21/1 '66 | 350 000.00 | 290 283.00 |
| 5. Stöðvarhreppur II | 28/4 '66 | 253 265.80 | 210 059.70 |
| 6. Vatnsleysustr.hreppur | 26/7 '66 | 600 000.00 | 497 647.00 |
| 7. Breiðdalshreppur | 4/10 '66 | 1 791 624.00 | 1 485 981.75 |
| 8. Stokkseyrarhreppur | 31/10 '66 | 105 000.00 | 87 089.80 |
| 9. Akraneskaupstaður | 7/12 '66 | 1 800 000.00 | 1 543 468.25 |
| 10. Hafnarhreppur I | 16/1 '68 | 1 687 798.20 | 1 492 000.00 |
| 11. Rangárvallahreppur | 8/8 '68 | 130 000.00 | 114 958.00 |
| 12. Súðavíkurhreppur | 18/9 '68 | 66 000.00 | 58 370.00 |
| 13. Flateyjarhreppur | 16/10 '68 | 830 000.00 | 733 908.00 |
| 14. Hafnarhreppur II | 6/11 '68 | 110 000.00 | 97 335.00 |
| 15. Kjalarneshreppur I | 16/5 '69 | 1 000 000.00 | 909 955.00 |
| 16. Garðahreppur | 21/4 '70 | 2 100 000.00 | 1 961 635.50 |
| 17. Ólafsfjarðarkaupstaður | 23/10 '70 | 720 000.00 | 673 000.00 |
| 18. Patrekshreppur I | 10/2 '71 | 5 000 000.00 | 4 723 250.00 |
| 19. Svarfaðardalshreppur | 20/2 '71 | 540 000.00 | 505 150.00 |
| 20. Tálknafjarðarhreppur | 15/5 '71 | 1 080 000.00 | 1 026 700.00 |
| 21. Ölfushreppur | 9/9 '71 | 1 900 000.00 | 1 787 250.00 |
| 22. Stokkseyrarhreppur II | 20/9 '71 | 630 000.00 | 592 075.00 |
| 23. Selfosshreppur | 22/9 '71 | 900 000.00 | 848 750.00 |
| 24. Kjalarneshreppur II | 16/9 '71 | 900 000.00 | 848 750.00 |
| 25. Vopnafjarðarhreppur | 29/12 '71 | 700 000.00 | 682 000.00 |
| 26. Búðarhreppur I | 15/2 '72 | 2 000 000.00 | 1 940 000.00 |
| 27. Búðahreppur II | 18/4 '72 | 1 000 000.00 | 970 000.00 |
| 28. Patrekshreppur II | 8/8 '72 | 1 500 000.00 | 1 455 000.00 |
| 29. Búðahreppur III | 30/11 '72 | 1 000 000.00 | 970 000.00 |
| 30. Patrekshreppur III | 3/1 '73 | 500 00.000 | 500 000.00 |
| 31. Búðahreppur IV | 15/2 '73 | 200 000.00 | 200 000.00 |
| 32. Búðahreppur V | 25/5 '73 | 800 000.00 | 800 000.00 |
| 33. Búðahreppur VI | 20/11 '73 | 400 000.00 | 400 000.00 |
| Lán til 22ja sveitarfélaga | | kr. 36 721 288.00 | 33 181 253.80 |